

9

14. jan.

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Reykjavíkurhöfn, nr. 47 8. apríl 1949.

41. grein reglugerðarinnar orðist svo:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar 200 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó rúmlestir, og 80 aura fyrir hverja nettó rúmlest frá 100 til 3000 rúmlestir og 20 aura fyrir hverja rúmlest þar yfir.
- b. Fyrir leiðsögu frá höfninni 200 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó rúml., og 40 aura fyrir hverja nettó rúmlest frá 100 til 3000 rúml. og 10 aura fyrir hverja nettó rúmlest þar yfir.

Sama gjald skal og greiða fyrir leiðsögu frá ytri höfninni til Skerjafjarðar, einnig frá Skerjafirði á ytri höfn.

- c. Fyrir leiðsögu um höfnina, þar á meðal inn og út úr innri höfninni, greiðist 100 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó rúmlestir, og 20 aurar að auki fyrir hverja nettó rúmlest fram yfir 100.
- d. Auk þess skal hvert skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar eða sem skylt er að greiða hafnsögugjald samkv. 39. gr., greiða 6 krónur í hafnsögusjóð.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og breyting á sömu lögum, nr. 41 5. apríl 1948, svo og lögum um hafnsögu í Reykjavík, nr. 27 22. nóvember 1918, til að öðlast þegar gildi.

Samgöngumálaráðuneytið, 14. janúar 1953.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

10

17. jan.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir vatnsveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar, nr. 62 14. júní 1930, sbr. breytingar nr. 126/1946 og nr. 101/1951.

1. liður gjaldskrárinnar orðist þannig:

Húseigendur á vatnsveitusvæðinu greiði 1% af fasteignamatsverði húseigna sinna.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. janúar 1953.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.